

rikið.  
Ketill Indriðason sat hjá við afgreiðslu málsins.

## 6. Þingsályktunartillaga um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Meirihluti sveitarstjórnar samþykkti í tölvupósti eftirfarandi umsögn um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sbr. 207. mál, þingskjal 291, á 146. löggjafabingi. Umsögnin var send nefndarsviði Alþingis og þingmönnum kjördæmisins þann 4. apríl s.l.

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar mótmælir því afdráttarlaust að áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða gerir ráð fyrir að allt vatnasvið Skjálfandafljóts verði flokkað í verndarflokk. Þá eru vinnubrögð Verkefnisstjórnar gagnrýnd, en ekki hefur verið leitað eftir samráði við sveitarstjórn Þingeyjarsveitar við gerð áætlunarinnar, þrátt fyrir að fjallað hafi verið um marga virkjunarkosti innan marka sveitarfélagsins. Þetta er sérstaklega ámælisvert, enda verður verndar- og orkunýtingaráætlun sem samþykkt er af Alþingi bindandi við gerð skipulagsáætlana sveitarfélagsins, sbr. 7. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Málefnið hefur bein áhrif á verksvið sveitarstjórnar, sem fer með skipulagsvald innan sveitarfélagsins. Samráðsleysi Verkefnisstjórnar er í ósamræmi við eðlileg samskipti ríkis og sveitarfélaga með hliðsjón af sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga, sem hvílir á 78. gr. stjórnarskrár.*

*Í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011 er kveðið á um að Verkefnisstjórn eigi m.a. að leita eftir samráði við stofnanir og stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga. Almenn heimild til að senda inn umsagnir getur ekki fallið þar undir, jafnvel þótt Verkefnisstjórnin hafi haldið almenna kynningarfundum þegar drög að tillögu verkefnisstjórnar lágu fyrir vorið 2016 þar sem fullmótaðar tillögur um flokkun virkjunarkosta komu fram.*

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar vísar jafnframt til þeirrar gagnrýni sem komið hefur fram á vinnubrögð Verkefnisstjórnar, m.a. frá Orkustofnun. Bent hefur verið á að hlutverk Verkefnisstjórnar samkvæmt lögum sé að móta stefnu um nýtingu landsvæða sem virkjunarkosti er að finna á, en ekki sé lagagrundvöllur fyrir tillögugerð um vernd alls vatnasviðs Skjálfandafljóts með þeim hætti sem Verkefnisstjórnin viðhefur.*

*Jafnframt hefur verið gagnrýnt að framkomin tillaga Verkefnisstjórnar um verndar- og orkunýtingaráætlun, hvílir að afar takmörkuðu leyti á mati á samfélags- og efnahagslegum áhrifum virkjunarkosta, þrátt fyrir lagaskyldu um tillit til þeirra*

*þátta, samanber markmið laga nr. 48/2011 og 4. mgr. 3. gr. laganna. Það er í raun ótrúlegt að Verkefnisstjórn hafi ekki leitað álits sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar á samfélagslegum áhrifum varðandi nýtingu skilgreindra virkjunarsvæða, hvort heldur sem er til virkjunar, annarrar nýtingar eða verndar.*

*Flokkun einstakra virkjunarkosta hvílir einungis á aðferðafræði Faghópa 1 og 2, þar sem fáeinir einstaklingar hafa fengið vald, bæði til að móta aðferðafræði og setja inn forsendur um vægi einstakra þátta. Það mat er á endanum háð persónulegu mati fátta og í raun ógegnsætt á hverju það hvílir. Röðun virkjunarkosta fór ekki fram hjá faghópum 3 og 4, en faghópur 3 átti að fjalla um samfélagsleg áhrif. Tillaga Verkefnisstjórnar sem hvílir ekki á mati á samfélagslegum þáttum er í raun ólýðræðislegt plagg.*

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar gagnrýnir jafnframt að Alþingi hafi ekki sent umsagnarbeiðni á sveitarfélagið. Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir að viðfeðm landsvæði innan sveitarfélagsins falli í verndarflokk, m.a. hluti vatnasviðs Skjálfandafljóts þar sem verkefnisstjórn hefur ekki haft nokkra virkjunarkosti til umfjöllunar. Sú flokkun á að leiða til verndunar sbr. 6. gr. laga nr. 48/2011 og 53. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013. Þingsályktunartillagna hefur bein áhrif á framkvæmd skipulagsvalds Þingeyjarsveitar og verulega hagsmuni íbúa sveitarfélagsins. Óásættanlegt er að Alþingi hyggist ráða slíku máli til lykta án samráðs við Þingeyjarsveit.*

*Óskað er eftir því að fulltrúar Þingeyjarsveitar fái að mæta á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að kynna nánar sjónarmið sveitarstjórnar.*

*Hlynur Snæbjörnsson og Ketill Indriðason sátu hjá við afgreiðslu málsins.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45

Arnór Benónýsson  
Ásvaldur Ævar Þormóðsson  
Heiða Guðmundsdóttir  
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Margrét Bjarnadóttir  
Arni Pétur Hilmarrsson  
Ketill Indriðason



## Helgihald í Grenjaðarstaðarprestakalli í dymbilviku og um páska

13. apríl Skírdagur Messa Þóroddsstað kl. 20:30

15. apríl Páskavaka Nesi kl. 23:30

16. apríl Páskadagur Messa með fermingu  
Grenjaðarstað kl. 14:00

16. apríl Páskadagur Messa Einarstöðum kl. 16:00

23. apríl Messa með fermingu Grenjaðarstað kl. 14:00

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.

## Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á **miðvikudögum** og  
auglýsingum þarf því að skila á **mánudögum**

**fyrir kl. 15:00.** 😊

Verð hálfsíðu er  
Verð heilsíðu er

kr.3.200.-m.vsk  
kr.4.300.- m.vsk

***hlaupastelpan@isl.is—895-3386***

flugklasans á norðurlandi. Markmið klasans er að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið um kring til framtíðar.

*Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu samkvæmt fyrirbyggjandi erindi og vísar til gerðrar fjárhagsáætlunar 2018.*

### 3. Framsýn – keðjuábyrgð verktaka

Lagt fram bréf frá Aðalsteini Á. Baldurssyni f.h. Framsýnar stéttarfélags þar sem skorað er á sveitarstjórnir á félagssvæðinu að samþykkja keðjuábyrgð verktaka. Keðjuábyrgð er eitt allra mikilvægasta verkfæri sem völ er á til að tryggja lögbundin réttindi og kjör.

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir að innleiða keðjuábyrgð hjá sveitarfélaginu. Þetta gildir um alla samninga um verklegar framkvæmdir og kaup á þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Þannig verði sett inn í slíka samninga ákvæði um keðjuábyrgð þeirra seljenda sem sveitarfélagið semur við. Með þessu vill Þingeyjarsveit tryggja að allir starfsmenn, hvort sem það eru starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga, njóti launa, trygginga og annarra réttinda í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Aðalverktakinn verði þannig í verksamningi gerður ábyrgur fyrir að tryggja kjarasamnings- og lögbundin réttindi allra starfsmanna sem að verkinu koma. Þetta verður gert til að koma í veg fyrir undirboð og óeðlilega samkeppnishætti á vinnumarkaði.*

### 4. Vegvísir samstarfsnefndar

Vinnuhópur, skipaður af sveitarstjórn til að vinna verkefni í samræmi við vegvísir samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans, kynnti niðurstöður, úrbótaáætlun og drög að lokaskýrslum beggja grunnskóla fyrir sveitarstjórn.

*Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að úrbótaáætlun og lokaskýrslum með áorðnum breytingum.*

### 5. Fundargerð Dvalarheimilis aldraðra sf.

Lögð fram fundargerð Dvalarheimilis aldraðra sf. (DA) frá 29. mars. s.l. ásamt fylgiskjölum. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fimm liðum.

3. liður fundargerðar; framtíð rekstrar og húsnæðismála DA  
*Sveitarstjórn samþykkir með sex atkvæðum fyrirbyggjandi drög að tillögu og viljayfirlýsingu aðildarsveitarfélaganna Norðurlþings, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps og Tjörneshrepps, um framtíðarskipan hjúkrunarmála í sveitarfélögunum í samstarfi við*

**Fundargerð  
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar  
06.04.2017**

**213. fundur**

**sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**

**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 6. apríl 2017 kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ketill Indriðason í forföllum Ragnars Bjarnasonar.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

**Dagskrá:**

1. Rekstrarleyfi – Bollastaðir
2. Flugklasinn Air 66N
3. Framsýn – keðjuábyrgð verktaka
4. Vegvisir samstarfsnefndar
5. Fundargerð Dvalarheimilis aldraðra sf.
6. Þingsályktunartillaga um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

**Til kynningar:**

- a. Fundargerð 848. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

**1. Rekstrarleyfi – Bollastaðir**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 27. mars s.l. þar sem Bryndís Pétursdóttir sækir um rekstrarleyfi, flokkur III – gististaður með veitingum, á Bollastöðum í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvari um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

**2. Flugklasinn Air 66N**

Fyrir fundinum liggur erindi frá Hjalta Páli Þórarinssyni, verkefnastjóra Air 66N, dags. 29. mars. sl. þar sem óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins að starfi Flugklasans Air 66N með framlagi sem nemur 300 kr. á hvern íbúa á ári í tvö ár. Markaðsstofa Norðurlands hefur um árabíl haft umsjón með starfi

## Aðalsafnaðarfundur Hálssóknar

Verður haldinn á Illugastöðum  
fimmtudagskvöldið 27. apríl 2017 kl 20:30  
Venjuleg aðalfundarstöf  
Kosningar kosin einn í kjörnefnd og einn til vara  
Önnur mál.

Sóknarnefnd



## Dansæfing



Dansæfingar verða í Ljósvefningabúð  
föstudagskvöldið 21. apríl  
frá kl.20:30-22:30.  
Allir hjartanlega velkomnir  
Miðaverði 1000 kr

Stjórnin

# Sumarkaffi og tombóla í SKógum

Jæja nú er komið að sumarkaffinu í Skógum í Fnjóskadal  
sumardaginn fyrsta 20. apríl  
það verður opið frá klukkan 14 - 17  
Verðum ekki með posa en kaffið kostar 2000kr fyrir  
fullorðna og 500 kr  
fyrir börn og tombólan er 500kr.

Kveðja fjáröflunarnefnd Kvenfélags Fnjóskdæla

## Aðalsafnaðarfundur Einarstaðasóknar

verður haldinn í Seiglu, áður Litlulaugaskóla

26. apríl kl. 21.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Allir velkomnir

Sóknarnefnd

15. tbl.  
11. apríl  
2017  
24. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



## Aðalfundur.

Aðalfundur Handverkskvenna milli heiða  
og Goðafossmarkaðar ehf

verða haldnir á Fosshóli,  
laugardaginn 22. apríl kl 11.00 .

Venjuleg aðalfundarstörf

Verið duglegar að mæta til að fylgjast með  
málefnum félaganna.

Stjórnirnar.